

HD sameinar reynslu, sérþekkingu og öfluga þjónustu sem heldur íslenskum iðnaði gangandi.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum HD:

sala@hd.is
+354 560 3600



Tjakkaviðgerðir og sérlausnir

Bilaður tjakkur eða þörf á nýrri lausn?

Sérfræðingar HD meta verkefnið og finna hagkvæmustu leiðina til að koma búnaðinum aftur í rekstur.

Það sem viðskiptavinir fá:

- Lausnir fyrir tjakka af öllum stærðum
- Minni niðritíma
- Lengri líftíma búnaðar
- Minni rekstraráættu

Ykkar þarfir
– okkar drifkraftur



Eitt öflugasta tjakkaverkstæði landsins

- Öflugur tækjakostur
- Viðgerðir og upptektir
- Endursmíði og nýsmíði
- Þrýsti- og virkniprófanir

Heildstæð þjónusta fyrir tjakka og vökvabúnað

Öflug aðstaða og sérhæfður búnaður

Þegar hver klukkustund skiptir máli

Þegar tjakkur bílar getur mikilvægur búnaður stöðvast og rekstur raskast. Rétt greining, nákvæm vinnsla og fagleg framkvæmd skipta þá sköpum fyrir endingu og áreiðanleika búnaðarins.

HD sinnir öllu frá hefðbundnum viðgerðum til umfangsmikillar endursmíði og nýsmíði tjakka. Reynslumikið starfsfólk metur ástand búnaðar og velur lausnir með hliðsjón af notkun, álagi og rekstraráðstæðum.

Heildstæð þjónusta HD

Viðgerðir og upptektir

- Bilanagreining og ástandsmat
- Þéttingaskipti og lekaviðgerðir
- Heildarupptektir
- Viðgerðir á stimpilstöngum og íhlutum

Endursmíði og nýsmíði

- Endursmíði og endurhönnun
- Nýsmíði og sérsníði tjakka
- Endurnýjun og uppfærsla íhluta

Prófanir og gæðaeftirlit

- Þrýsti- og virkniprófanir
- Gæðaeftirlit fyrir afhendingu
- Vottaðir suðuferlar

Getan sem skiptir máli

HD hefur byggt upp sérhæfða aðstöðu sem gerir fyrirtækinu kleift að taka að sér verkefni af öllum stærðum og flækjustigum. Öflugur tækjakostur,

reynslumikið starfsfólk og fullbúin verkstæði tryggja faglega framkvæmd frá greiningu til afhendingar.

Öflugur tækjakostur



HD hefur byggt upp eitt öflugasta tjakkaverkstæði landsins og fjárfest markvisst í sérhæfðri aðstöðu sem gerir fyrirtækinu kleift að taka að sér verkefni af öllum stærðum og gerðum.

Sérhæfður búnaður tryggir örugga meðhöndlun, nákvæma vinnslu og áreiðanlegar prófanir á vökvatjökkum.

- Tjakkabekkur fyrir sundurrið og samsetningu
- Glussadrifinn herslulykill fyrir stóra tjakka
- Búnaður til þrýsti- og virkniprófana
- Verkfæri og búnaður fyrir meðhöndlun stórra íhluta

Renniverkstæði sem styður við tjakkaþjónustuna



Fullbúið renniverkstæði HD er mikilvægur hluti af tjakkaþjónustunni og gerir kleift að endursmíða stimpilstangir og aðra lykilhluti fljótt og örugglega. Öflugur rennibekkur gerir mögulega vinnslu á löngum stimpilstöngum og stórum íhlutum með mikilli nákvæmni, sem stytir afhendingartíma og eykur sveigjanleika í viðgerðum og endursmíði.

Prófað fyrir afhendingu
Allir tjakkar eru prófaðir áður en þeir fara aftur í notkun. Þannig er virkni, áreiðanleiki og rekstraröryggi sannreynt áður en búnaður er afhentur viðskiptavinum.